

15. júlí 2004, 3. árg.

## Ákvörðun um eldislax

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur tilkynnt að bráðabirgðaráðstafanir komi væntanlega til framkvæmda síðar í þessum mánuði

### Ísland deilir kvóta með öðrum ríkjum

Líkt og gert hafði verið ráð fyrir verður tollkvóti lagður á innflutning á eldislaxi frá ríkjum utan Evrópusambandsins. Norðmenn og Færeyjar fá sérstakan kvóta til samræmis við útflutning ríkjanna undanfarin þrjú ár.

Önnur ríki fá sameiginlegan kvóta upp á 22.850 tonn og er Ísland þeirra á meðal ásamt Bandaríkjunum, Kanada og Rússlandi.

### Aðgerðir hefjast í júlí og standa í 200 daga

Aðgerðirnar eru tímabundnar og komi þær til framkvæmda, eins og nú hefur verið tilkynnt, standa þær í 200 daga.

Aðgerðirnar nú ná til alls eldislax hvort sem hann er frosinn, frystur, heill eða flakaður. Verður kvótinn afgreiddur með sama hætti og aðrir kvótar Evrópusambandsins á fisk, þ.e.a.s. með hliðsjón af reglunni um að fyrstir komi fyrstir fái. Útflytjendur þekkja vel til afgreiðsluhátta þar sem sams konar kvótar eiga við um margar tegundir sjávarafurða sem Ísland flytur inn til Evrópusambandsríkja. Þegar kvótinn hefur verið fullnýttur leggst rúmlega 17% tollur á eldislax til sambandsins.

### Stjórnvöld beiti sér áfram í málinu

Í aðdraganda þessa hafa íslensk stjórnvöld lagt áherslu á að hugsanlegar verndaraðgerðir gegn eldislaxi samræmist hvorki EES-samningnum né samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um verndaraðgerðir. Formlegum athugasemdum var skilað að höfðu ríku samráði við hagsmunaaðila hérlendis.

Gera má athugasemdir við endanlegu ákvörðunina fyrir 16. júlí nk. Íslensk stjórnvöld ætla sér það og halda áfram að beita sér í málinu.

### Skipting kvótans


Tollnr. (ESB)	Upprunaland	Tollfrjáls kvóti (öll tollnr.)
ex 0303 11 00	Noregur	186.338 tonn
ex 0303 19 00	Færeyjar	25.261 tonn
ex 0303 22 00	Önnur lönd	22.850 tonn
ex 0302 12 00		
ex 0304 10 13		
ex 0304 20 13		

## Ný úttekt á frammistöðu EES-ríkjanna - Ísland í 7. sæti

### Árangur Íslands viðunandi

Framkvæmdastjórn ESB og Eftirlitsstofnun EFTA birtu á þriðjudag nýja úttekt sem sýnir frammistöðu EES-ríkjanna í því að taka upp tilskipanir Evrópusambandsins í landsrétt. Slíkar úttektir eru gerðar tvisvar sinnum á ári. Ísland er nú í 7. sæti með 1,5% innleiðingarhalla sem er innan þeirra viðmiðunarmarka sem framkvæmdastjórn ESB hefur sett sér um að aðildarríki verði með 1,5% gerða útistandandi eða minna. Noregur er í öðru sæti með 0,7% halla og Liechtenstein er í 11. sæti með 2,1% innleiðingarhalla.

Meðalinnleiðingarhalli EFTA ríkjanna er nú 1,5% og hefur aukist nokkuð síðan í janúar 2004 þegar meðalinnleiðingarhallinn var 0,9% og hafði þá aldrei verið lægri. Meðalinnleiðingarhalli ESB ríkjanna er 2,2% en var 2,3% í janúar 2004.



### Engin tilskipun beðið innleiðingar í meira en tvö ár

Á leiðtogafundi ESB í Barcelona árið 2002 var sett að viðmiði að ekki væri ásættanlegt að tilskipanir biðu þess lengur en tvö ár að verða innleiddar. Í janúar 2004 voru þrjár tilskipanir sem höfðu beðið innleiðingar á Íslandi yfir tvö ár en þær hafa nú allar verið innleiddar. Jafnframt hefur sá tími styst sem tekur að meðaltali að innleiða tilskipanir á Íslandi.

### Fá mál hjá Eftirlitsstofnun EFTA

Fjöldi mála til meðferðar hjá Eftirlitsstofnun EFTA sem varðar tilskipanir sem hafa ekki verið innleiddar á réttan hátt eða hafa verið innleiddar með ófullnægjandi hætti í EFTA ríkjunum er svipaður og í janúar. Slík mál til meðferðar hjá ESA eru tiltölulega fá ef tekið er mið af samsvarandi málum til meðferðar hjá framkvæmdastjórn ESB.

Frammistöðumatið er birt á heimasíðu Eftirlitsstofnunar EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

